Minnsblað hafnarstjóra vegna stuðpúða Mávagarði.

Tilboð í niðurreksturs og frágangs vegna þybbu á Mávagarði var boðið út í upphafi þessa árs og tilboð opnumð þann 31. Janúar síðast liðinn. Tveir aðilar buðu í verkið en tilboði frá Ísar ehf var tekið að upphæð kr. 46.248.516 en kostnaðaráætlun er kr. 46.723.650. Engar athugasemdir voru gerðar fyrir og eftir opnun tilboða. Vegagerðinni var falið að ganga frá samningum við Ísafr ehf. Á fyrsta fundi eftir opnun tilboða þann 20. Febrúar sl kom fram hjá Stefáni hjá Ísar ehf að hann vilji segja sig frá verkinu eins og kemur fram í meðfylgjandi fundargerð.

Ákveðið var að reyna að ganga til samninga við Ísar ehf að þeir skili verkinu að hluta til eða þar sem þeirra sérfræðiþekking liggur helst að reka niður stálþilið og við myndum freista þess að semja við eða bjóða út restina á verkinu sem er steypumannvirki og Pollar ásamt frágangi á grjóthleðslu en vænta má þess að verktaka á svæðinu hefðu hug á að ganga inní það verk.

Málið stendur svona í dag að Hafnamálasvið Vegagerðarinnar stendur í samningaviðræðum við Ísar ehf um að ganga í að klára þennan hátt verksins.

Ísafirði 30/032017

Guðmundur M Kristjánsson